Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Málefni og bréf til bæjarverkfræðings 1908-1920

Aðfnr. 1679, örk 10

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

140
1910 Bréf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

30.sept.1910 390

Bæjarstjórnin hefur á fundi sinum 28.april þ.á. samþykkt svohljóðandi tillögu fasteignarnefndar frá fundi 24.apr. þ.á..-:

" Einar Þórðarson, Klapparstig 11. sækir um að fá útmælt kálgarðsstæði, 240 ferfaðma að stærð, vestanvert við "Skell", en fyrir austan enda Njálsgötu. Nefndin leggur til að honum verði leigt kálgarðsstæði á þessum stað, þar sem bæjarverkfræðingurinn mælir það út, gegn 6 kr. árlegu afgjaldi og með því skilyrði, að bæjarstjórnin geti sagt upp leigunni hvenær sem er með 3ja mánaða fyrirvara og verði borgarstjóra falið að gjöra um það skriflegan samning.-"

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra bæjarverkfræðingur, eruð þjer beðinn um, að mæla Einari Þórðarsyni út land þetta.-

Páll Einarsson

Til

Bæjarverkfræðingsins i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.0
1911.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afgr. 29 júní 1911

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24.mai 1911 123

Meðfylgjandi erindi frá Benedikt Gröndal, skrifara sendist yður, herra bæjarverkfræðingur, hjer með og eruð þjer beðinn um að mæla upp lóð hans við Lindargötu byggða og óbyggða og gefa mjer skýrslu um stærð hennar.-

Páll Einarsson

Til

Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd fiskiv. fjelagsins „Alliance" í Reykjavík leyfi eg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að fá útmæling á lóð sem liggur við norðvestur-enda lóðar okkar (Ánananaustatún) undir fiskhús sem við höfum í hyggju að byggja þar.

Við mælumst til að við fáum sem svarar 10-12 álnir beint í vestur og úr þeim takmörkum beint í efri ~~að~~ norðvesturodda lóðartakmarka vorra

Reykjavík 9. nov. 1911

pr. Fiskiv. Fjel. Alliance

Gunnar Gunnarsson

M. Magnússon

Til byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.1
1911

Kortastaðir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ú T S K R I F T
## úr
## b y g g i n g a r n e f n d a r b ó k og g j ő r ð a b ó k
## b æ j a r s t j ó r n a r R e y k j a v í k u r.

--:--:--:--:--:--:--:--:--

Útdráttur úr byggingarnefndarbók 14/6 1884, 3. gr.:
"Þórarni Þórarinssyni á Þórarinsstöðum í Skuggahverfi útmæld lóð 30 álnir í hvert horn að meðtöldu því rúmi er bær sá stendur á, sem hann er að byggja".

--:--:--:--:--:--:--:--:--

Útdrattur úr gjőrðabók bæjarstjórnarinnar 18/7 1889, 5. gr.:
"Samþykt var að Þórarinn Þórarinsson á Frostastöðum fengi til túnræktunar til erfðafestu fyrir 10 álna eftirgjald mýrina fyrir sunnan og vestan hús sitt (Frostastaði), sem er ekki full 1 dagslátta".

--:--:--:--:--:--:--:--:--

Útdrattur úr byggingarnefndarbók 7/7 1894, 1. gr.:
"Ákvað byggingarnefndin, eftir beiðni Þorsteins Þórðarsonar lóð þá er fylgja á húsinu á Frostastöðum samkvæmt útmælingu 14. júní 1884, þannig að austurhlið lóðarinnar, sem er 30 álnir á hverja hlið, gengur frá austasta staurnum á sjáfarbakkanum fyrir neðan (norðan) húsið, eftir beinni línu jafnhliða húshliðinni, 30 ál. í suður frá staurnum, og suðurhliðin þaðan eftir beinni línu, sem myndar rjett horn með hinni fyrri, 30 ál. í vestur. Lóðin er rjetthyrndur og jafnhliða ferhyrningur. Viðstaddir voru Ó. J. Hjaltalín fyrir hönd Þorsteins Þórðarsonar og Sturla kaupmaður Jónsson sem eigandi lóðarinnar umhverfis Frostastaði".

--:--:--:--:--:--:--:--

Útdrattur úr byggingarnefndarbók 15/6 1907, 13.gr.:
"Sláturfjelagið Suðurlands leyft að reysa slátrunarhús með kjötbúð, pilsuhjőrðar og mőrbræðsluhúsi, sőltunarhúsi, reykingarhúsi o.fl. á lóð, er fjelagið hefur keypt úr erfðafestulandinu "Frostastaðablettur" og er að stærð 8444 ferálnir, og verður flatarmál allra þessara húsa 2989 ferálnir. Leyfið veitt með þeim fyrirvara að húsagjőrð þessi fullnægi fyrirmælum heilbrigðissamþykktar að dómi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heilbrigðisnefndar. Hús þau sem nú standa á lóð þessari verða rifin niður um leið og hin nýju hús verða reyst".

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# U T S K R I F T
## úr
## b y g g i n g a r n e f n d a r b ó k og g j ö r ð a b ó k
## b æ j a r s t j ó r n a r R e y k j a v í k u r.

--:--:--:--:--:-:-:-:--

Útdráttur úr byggingarnefndarbók 14/6 1884, 3. gr.:
"Þórarni Þórarinssyni á Þórarinsstöðum í Skuggahverfi útmæld lóð "30 álnir í hvert horn að meðtöldu því rúmi er bær sá stendur á, "sem hann er að byggja."

--:--:--:--:--:--:--:--

Útdráttur úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar 18/7 1889, 5.gr.:
"Samþykt var að Þórarinn Þórarinsson á Frostastöðum fengi til tún"ræktunar til erfðafestu fyrir 10 álna eftirgjald mýrina fyrir "sunnan og vestan hús sitt (Frostastaði), sem er ekki full 1 dag"slátta."

--:--:--:--:--:--:--:--

Útdráttur úr byggingarnefndarbók 7/7 1894, 1. gr.:
"Ákvað byggingarnefndin eftir beiðni Þorsteins Þórðarsonar lóð þá "er fylgja á húsinu á Frostastöðum samkvæmt útmælingu 14. júní "1884, þannig að austurhlið lóðarinnar, sem er 30 álnir á hverja "hlið, gengur frá austasta staurnum á sjáfarbakkanum fyrir neðan "(norðan) húsið, eftir beinni línu jafnhliða húshliðinni, 30 ál. í "í suður frá staurnum, og suðurhliðin þaðan eftir beinni línu, sem "myndar rjett horn með hinni fyrri, 30 ál. í vestur. Lóðin er rjett"hyrndur og jafnhliða ferhyrningur. Viðstaddir voru Ó. J. Hjaltalín fyrir hönd Þorsteins Þórðarsonar og Sturla kaupmaður Jónsson "sem eigandi lóðarinnar umhverfis Frostastaði."

--:--:--:--:--:--:--:--

Útdráttur úr byggingarnefndarbók 15/6 1907, 13. gr.:
Sláturfjelagi Suðurlands leyft að reysa slátrunarhús með kjötbúð "pilsugjörðar og mörbræðsluhúsi, söltunarhúsi, reykingarhúsi o.fl. "á lóð, ~~[illegible]~~ er fjelagið hefur k[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"staðablettur" og er að stærð 8444 ferálnir, og verður flatarmál
"allra þessara húsa 2989 ferálnir. Leyfið veitt með þeim fyrir-
"vara að húsagjörð þessi fullnægi fyrirmælum heilbrigðissamþyktar
"að dómi heilbrigðisnefndar. Hús þau sem nú standa á lóð þessari
"verða rifin niður um leið og hin nýju verða reyst."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARGJALDKERINN**
**Í REYKJAVÍK**

Afgreiðslustofa á Laugaveg nr. 11
Opin virka daga kl. 11—3 og 5—7

Reykjavík 30. Janr. 1911

Það vottast hérmeð að — samkvæmt lóðargjaldaskrá kaupstaðarins hefir að undanförnu verið borgað lóðargjald af Vitastíg 4. (Helgastöðum):

Byggð lóð 185 □ al. á 3 a.
Óbyggð lóð 1952 □ al. á 1/4 a.

Gjaldið hefur verið borgað af kaupm. Sturlu Jónssyni.

Þetta vottast eftir beiðni.

Borgþór Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARGJALDKERINN**
**Í REYKJAVÍK**

Afgreiðslustofa á Laugaveg nr. 11
Opin virka daga kl. 11—3 og 5—7

Reykjavík 30. Janr. 1911

G. Gíslason & Hay hefur síðastl. ár samkv. lóðargjaldaskrá kaupstaðarins borgað gjald af bygðri og óbygðri lóð við Hverfisgötu þannig:

Nr. 35 (á að vera 41.) bygð lóð 351 □ al. á 3 a.
óbygð lóð 441 □ al. á 1/4.

Þetta vottast eftir beiðni.

Borgþór Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Froskastaðalóð

Eftir mælingu sumarið 1902

[illegible]




| | |
|---|---|
| 3829 | 2137 |
| 720 | 1563 |
| 3109 | 3700. |
| 441 | |
| 3550 | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Garðar Gíslason & Hay
Frostastaðir & Helgastaðir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.0
1912

Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11. marz 1912.

212.

Vilhjálmur bóndi Bjarnarson á Rauðará hefur farið þess á leit, að mega breyta 400 ferálnum úr erfðafestulandi Rauðarár, vestanvert við Nr. 115 við Laugaveg, i byggingarlóð og ætlar hann að selja öðrum lóð þessa til byggingar. Bæjarstjórnin hefur óskað að fá uppdrátt af lóð þessari áður en hún tekur ákvörðun um beiðnina, og er þess þvi hjer með óskað, að þjer, herra bæjarverkfræðingur, komið með uppdrátt af lóð þessari á næsta fasteignarnefndarfund.-

Jeg get þess ennfremur, að það sem að öðru leyti hefur gjört bæjarstjórnina hikandi með að samþykkja þessa beiðni er það, að áður hefur verið gjörð ályktun um það á bæjarstjórnarfundi, að minni lóðir skyldu ekki látnar úr erfðafestulöndum en 1000 ferálnir, og eruð þjer þvi jafnframt beðinn um að athuga það að þvi er þessa lóð snertir, hvort nokkuð sje þvi til fyrirstöðu að útmældar sjeu 1000 ferálnir á þessum stað, eða i öllu falli 500 ferálnir.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavíkur.

23/5 – 1912 478.

Bæjarstjórnin hefir ákveðið að taka lóðarnámi svæði af lóð Páls járnsmiðs Magnússonar við Skólavörðustíg og Bergstaðastræti, og er því tilætlast að þér, herra bæjarverkfræðingur, mælið lóðina og vísið til, hvar girðing sú, sem Páll ætlar að setja í kringum hús sitt eigi að vera.

Páll Einarsson

Til

bæjarverkfræðings Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. júni 1912.

572

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi samþykkt að selja Slipfjelaginu lóðarræmu milli lóðar Nr. 12 við Nýlendugötu og Sliplóðarinnar c.120 ferálnir. Jeg bið yður, herra bæjarverkfræðingur, að mæla upp lóðarræmu þessa eptir tilvisun formanns Slipfjelagsins herra Tryggva Gunnarssonar, og láta mig við fyrsta tækifæri vita hve stór lóðin er, svo að afsal verði gefið út fyrir henni.

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7. okt. 1912.

941.

Jeg sendi yður, herra bæjarfræðingur, hjer með til atuhugunar og undirbúnings undir næstu nefndarfundi þessi erindi :

1, Frá verkmannafjaginu Dagsbrún um land á leigu á Melunum,

2, Mattiasar Matiiassonar um breytingu á erfðafestulandi i byggingarlóð,

3, Pjeturs Hjaltested um erfðafestuland.

Páll Einarsson.

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7. okt. 1912.

941.

Jeg sendi yður, herra bæjarfræðingur, hjer með til athugunar og undirbúnings undir næstu nefndarfund þessi erindi :

1, Frá verkmannafjelaginu Dagsbrún um land á leigu á Melunum,

2, Mattíasar Mattíassonar um breytingu á erfðafestulandi í byggingarlóð,

3, Pjeturs Hjaltested um erfðafestuland.

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

16. okt. 1912.-

//.

Jeg sendi yður, herra bæjarverkfræðingur hjer með erindi frá Mattiasi kaupmanni Mattiassyni dags. 14. þ.m., þar sem hann biður um að mega breyta 500 ferálnum úr erfðafestulandi sinu i lóð meðfram Skólavörðustig. Bið jeg yður að athuga þetta og leggja erindi þetta. fram fyrir byggingarnefndina á næsta fundi ásamt samskonar erindi frá sama manni, er jeg sendi yður nýlega.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi eg mjer að bjóða háttvirtri
bæjarstjórn forkaupsrjett að 5000 □al lóð með
kálgarðsrjettinum nálægt húsi Magnúsar Guðmundssonar
5 x 20 al er eg ætla að selja á 1,20 aura □ að ómældum
forkaupsrjetti óska eg þessari spildu breytt í
byggingarlóð gegn venjulegum 20% kaupverðs
gjaldi til bæjarins

Með mikilli virðingu
Matthías Matthíasson.

Til

Bæjarstjórnarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.0
1913

Bréf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7. júli 1913.

220/11

Jónas Jónsson lögregluþjónn hefur sótt um að mega breyta 600 ferálnum úr erfðafestulandi sinu Steinsholtsbletti i byggingarlóð. Erindi þessu var visað til byggingarnefndar og sendi jeg yður, herra bæjarverkfræðingur, erindi þetta til þess að þjer mælið út lóðina og gjörið tillögu um málið á næsta byggingarnefndarfundi.-

Páll Einarsson.

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.0
1914 Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Reykjavík 22. júlí 1914.

C/3

Á fundi bæjarstjórnar 16. þ.m. var samþykt að láta mæla lóðirnar við Hverfisgötu að sunnanverðu frá Vatnsstíg austur að Vitastíg, og er það í tilefni af umkvörtun lóðareiganda á því svæði, um að lóðir sjeu ekki með rjettri stærð afgirtar.

Skal jeg því biðja yður, herra verkfræðingur, að framkvæma þessa mælingu og læt þess jafnframt getið, að nauðsynlegt er að fá uppdráttinn hið allra fyrsta.

K. Zimsen.

Herra

verkfræðingur Sig. Thoroddsen,

Fríkirkjuvegur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. júlí 1914.

Á fundi bæjarstjórnar 16. þ.m. var samþykt að láta mæla lóðirnar við Hverfisgötu að sunnanverðu frá Vatnsstíg austur að Vitastíg, og er það í tilefni af umkvörtun lóðareiganda á því svæði, um að lóðir sjeu ekki með rjettri stærð afgirtar.

Skal jeg því biðja yður, herra verkfræðingur, að framkvæma þessa mælingu og láta þess jafnframt getið, að nauðsynlegt er að fá uppdráttinn hið allra fyrsta.

Herra

verkfræðingur Sig. Thoroddsen,

Fríkirkjuveg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur